

Dalvíkurbyggð  
Rögnvaldur Skíði Friðbjörnsson, bærarstjóri  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

**2001040015**  
6400; 9310

Reykjavík, 14. maí 2001  
/--

**Efni: Endurbygging og hækkun á sjóvörn frá Blika suður að hafnargarði á Dalvík, Dalvíkurbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging á sjóvörn frá Blika suður að hafnargarði á Dalvík samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar bærarstjórnar Dalvíkurbyggðar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 30. apríl 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að sumarið 2000 hafi verið lokið við að hækka sjóvörn á um 90 m kafla frá Blika suður að nyrðri hafnargarði. Efnismagn var um 1500 m<sup>3</sup> og var efnið tekið úr opinni grjótnámu á Árskógssandi í um 20 km fjarlægð.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögnum bærarstjórnar Dalvíkurbyggðar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða endurbyggingu og hækkun á sjóvörn á um 90 m kafla frá Blika suður að nyrðri hafnargarði á Dalvík. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Framkvæmdin tekur til afmarkaðs svæðis, efnismagn til

framkvæmdarinnar er óverulegt og fyrir liggur að framkvæmd er lokið.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Fram kemur að framkvæmdinni sé lokið. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging og hækkun á sjóvörn á um 90 m kafla frá Blika suður að nyrðri hafnargarði á Dalvík hafi ekki verið líkleg til að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að samkvæmt 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út leyfi fyrir framkvæmd skv. 6. gr. laganna nema fyrir liggji úrskurður um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna sjávarflóða. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á sérstaka skipulagsgerð eða breytingu á skipulagi, en við gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið þarf að gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum sjóvörnum í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins og Siglingastofnun